


EU login appið

Hvernig á að tengja appið í símanum við EU login aðganginn

[Leiðbeiningar á ensku ásamt myndbandi](#)


Í upphafi...

- Til að tengja appið við EU login þarft þú síma og nettengda tölvu
- Sæktu EU login appið í símann.
 - Leitaðu að eu login mobile app í símanum (Google play store/App store)
 - Leyfðu aðgang að myndavél og tilkynningum (iPhone > allow Authorisations)
 - ATH að síminn þarf að vera stilltur þannig að það þurfi PIN, fingrafar eða sambærilegt til að opna hann.





Opnaðu EU login í tölvunni

- Farðu inn í **My Account** og smelltu á ***Manage my mobile devices***.
- Eða skráðu þig inn á **EU Login homepage** (ecas.ec.europa.eu/cas) veldu >Settings (tannhjólið uppi í hægra horninu) > My account > ***Manage my mobile devices***



Skráðu símann

- Smelltu á *Add a mobile device*
- Athugaðu að **ef** þú getur ekki skráð nýjan síma nema með margþátta auðkenningu getur þú þurft að hreinsa út önnur tæki. Það gerir þú með því að fara til baka í My Account og velja „Delete all my devices and eID (PANIC)“. Þessi aðgerð hreinsar út öll tæki sem tengd hafa verið við EU login aðganginn en opnar þann möguleika að tæki sé bætt við án margþátta auðkenningar



Skráðu símann

- Skráðu nafn á tækið, má vera hvað sem er *en engin bil*.
- Skráðu PIN númer og staðfestu
- Smelltu á Submit

Add a mobile device

Please give a name to identify your mobile device and a PIN code to use for it.

Your device name


Your 4 digit PIN code

You will be required to enter this PIN code on your mobile device to use the ECAS mobile app.

Confirm your PIN code


QR kóði

- Þegar búið er að skrá nafn og PIN fyrir símann opnast QR kóði



Appið

- Opnaðu EU login appið í símanum, smelltu á *Initialise* og svo *continue/next*
- **Ef** upp kemur beiðni um að veita appinu aðgang að myndavél og leyfa tilkynningar samþykki þú það
- Skannaðu QR kóðann í tölvunni með myndavélinni sem opnast í appinu



Staðfestu með PIN

- Þegar appið hefur lesið QR kóðann opnast gluggi til að staðfesta með **PIN númerinu sem þú skráðir í tölvunni**
- Þegar þessu er lokið er búið að tengja símann við EU login og þú getur notað margþátta auðkenningu til að skrá þig inn í verkefnin þín á [Torginu](#)

